

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

*Nýtt deiliskipulag fyrir „Norðurbakka“ í Hafnarfirði.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 8. febrúar 2005 nýtt deiliskipulag fyrir „Norðurbakka“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur í sér breytingu á landnotkun úr hafnarsvæði í íbúðarsvæði með þjónustu og stofnunarlóð. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á skipulagsmörkum deiliskipulags miðbæjar Hafnarfjarðar frá 1983.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2005 breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags miðbæjar Hafnarfjarðar frá 1983. Breytingin felst í að mörk skipulags frá 1983 verði flutt í samræmi við skipulag á Norðurbakka og skipulag miðbæjar 2001. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 28. apríl 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.